

Dagsektir vegna vanrækslu Brim hf. á afhendingu upplýsinga

I. Málavextir

- Samkeppniseftirlitið hefur unnið að athugun á stjórnunar- og eignatengslum í íslenskum sjávarútvegi. Niðurstöður athugunarinnar koma til með að verða settar fram í skýrslu en gert er ráð fyrir að skýrslan muni liggja fyrir í lok árs 2023. Með fréttatilkyfningu dags. 5. október 2022 upplýsti Samkeppniseftirlitið að það hefði ákveðið að hefja framangreinda athugun. Hún byggir á d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá segir í fréttinni að á vettvangi matvælaráðuneytisins stendur nú yfir heildarstefnumótun í sjávarútvegi. Hluti af því starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi. Sem lið í þeirri vinnu hafi matvælaráðuneytið gert samning við Samkeppniseftirlitið, sem gerir því kleift að hefja framangreinda athugun¹.
- Með bréfi dags. 5. apríl 2023 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum og gögnum frá Brim hf. í alls sjö stafliðum í tengslum við athugunina. Í bréfinu kemur fram að athugunin byggir á d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en ákvæðið kveður á um að það sé hlutverk Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Þetta skuli gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasambjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Þá segir í ákvæðinu að stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar.
- Í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 5. apríl 2023 var vísað til 19. gr. samkeppnislaga um heimild Samkeppniseftirlitsins til öflunar upplýsinga. Þá var óskað eftir því að upplýsingarnar myndu berast eigi síðar en 24. apríl 2023. Með tölvupósti dags. 21. apríl 2023 óskaði Brim eftir frekari fresti til þess að verða við beiðninni. Félaginu var veittur frekari frestur til 10. maí 2023.
- Þann 12. maí 2023 sendi Brim hf. bréf til Samkeppniseftirlitsins þar sem félagið afhendi hluta þeirra upplýsinga sem óskað var eftir, þ.e. eingöngu þær upplýsingar sem voru þá þegar opinberar. Að því er varðaði trúnaðargögn og þær upplýsingar sem féllu undir stafliði f og g í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vísaði Brim hf. til þess að það myndi bíða með frekari gagnaöflun þar sem að mati félagsins væri uppi vafi um lögmæti athugunar Samkeppniseftirlitsins.
- Samkeppniseftirlitið ítrekaði upplýsingabeiðnina með bréfi dags. 27. júní 2023. Í bréfinu kemur fram að í 19. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um ríkar heimildir Samkeppniseftirlitsins til að krefja fyrirtæki um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Þá sé í 2. mgr. sömu greinar kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Þá kemur fram að til grundvallar beiðninni liggja sjálfstæð ákvörðun Samkeppniseftirlitsins en eitt af hlutverkum þess er að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku

¹ Sjá nánar hér: [Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi | Fréttir | Samkeppniseftirlitið](#).



viðskiptalífi, kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja og birta um þetta skýrslur, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá sé fjallað um verkefnið í áherslum stjórnar Samkeppniseftirlitsins fyrir árin 2022-2024 og 2023-2025. Var Brim hf. veittur frestur til kl 16:00 5. júlí 2023 til að afhenda þau gögn sem eftir standa. Í bréfinu var tekið fram að ef umrædd gögn berast ekki fyrir framangreint tímamark mun Samkeppniseftirlitið taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna um hvort leggja beri á fyrirtækið dagsektir samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga.

6. Brim hf. sendi Samkeppniseftirlitinu bréf dags. 5. júlí 2023. Í bréfinu var enn gerður fyrirvari við lögmæti athugunar Samkeppniseftirlitsins og umbeðin gögn ekki afhent. Í bréfinu kemur fram að vegna þessa hafi Brim sent stjórn Samkeppniseftirlitsins bréf og óskað eftir afstöðu hennar til málsins. Í bréfinu var einnig óskað eftir afriti af samningi Samkeppniseftirlitsins og matvælaráðuneytisins, sbr. 5. gr. upplýsingalaga. Í bréfinu var þá einnig óskað eftir skýringum á hugtökunum sjávarútvegsfyrirtæki og samstarf. Í niðurlagi bréfsins var þess óskað að Samkeppniseftirlitið fresti frekari meðferð málsins á meðan þau atriði sem nefnd væru í bréfinu af hálfu Brim eru til skoðunar.
7. Samkeppniseftirlitið sendi Brim hf. bréf, dags. 11. júlí 2023. Í bréfinu er áréttað það sem fram kom í fyrri bréfum Samkeppniseftirlitsins, um að Samkeppniseftirlitið hafni því að athugun Samkeppniseftirlitsins sé ólögmæt og jafnframt ítrekuð skylda Brim til að afhenda gögn á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Að því er varðar beiðni Brim um afhendingu gagna vísaði Samkeppniseftirlitið til þess að slík beiðni fæli í sér stofnun nýs og sjálfstæðs stjórnáslumáls og hefði engin áhrif á upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins dags. 5. apríl 2023. Að því er varðar bréf Brim til stjórnar eftirlitsins var upplýst að það væri mótttekið, hefði verið kynnt stjórnarmönnum og væri til vinnslu. Að því er varðar beiðni Brim um nánari skýringar á hugtökunum sjávarútvegsfyrirtæki og samstarf voru þær skýringar veittar en jafnframt áréttað að Samkeppniseftirlitið hafnaði því að upplýsingabeiðnin frá 5. apríl 2023 væri með einhverjum hætti óskýr eða þess eðlis að ómögulegt væri að svara henni með fullnægjandi hætti. Óskaði enda Samkeppniseftirlitið eftir sömu upplýsingum frá fjölmörgum fyrirtækjum sem öll hafi svarað beiðninni og afhent gögn. Að því er varðaði beiðni Brim um frestun á meðferð málsins á meðan þau atriði sem rakin voru í bréfi Brim 5. júlí 2023 væru til skoðunar, var þeirri beiðni hafnað. Vísaði Samkeppniseftirlitið til þess að það leiði af samkeppnislögum og stjórnáslu samkeppnismála að erindi aðila máls til stjórnar fresta ekki ákvörðunum eða réttaráhrifum ákvarðana Samkeppniseftirlitsins. Þá hefur upplýsingabeiðni á grundvelli upplýsingalaga ekki áhrif á upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Í niðurlagi bréfsins kemur fram að Brim hafði frest til 5. júlí 2023 til að afhenda umrædd gögn. Sá frestur væri liðinn en í ljósi bréfsins væri Brim nú veittur lokafrestur til kl 16:00 13. júlí 2023 til að afhenda þau gögn sem eftir standa.
8. Brim hf. sendi Samkeppniseftirlitinu bréf þann 13. júlí 2023. Í bréfinu kemur fram að mati Brims að ekki verði annað séð en að það sé í samræmi við rannsóknarskyldu Samkeppniseftirlitsins, meðalhófssjónarmið og þá hagsmuni sem eru undirliggjandi að afstaða stjórnar Samkeppniseftirlitsins liggja fyrir áður en eftirlitið tekur frekari ákvarðanir um meðferð málsins. Í niðurlagi bréfsins er upplýst að Brim muni ekki afhenda gögn en muni taka nánari afstöðu til beiðni Samkeppniseftirlitsins þegar afstaða stjórnar Samkeppniseftirlitsins til málsins liggja fyrir.
9. Brim hefur ekki brugðist frekar við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins þrátt fyrir hafa verið veittir ítrekaðir og rúmíir frestir til þess.
10. Þá er rétt að upplýsa að Samkeppniseftirlitið hefur svarað beiðnum Brims um upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga og afstöðu stjórnar.



II. Niðurstaða

11. Markmið samkeppnislaga er að að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna. Fjallað er nánar um hlutverk Samkeppniseftirlitsins í 8. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Er kveðið á um að þetta skuli gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Þá skal stofnunin birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.
12. Með vísan í framangreint lögbundið hlutverk Samkeppniseftirlitsins, var ákveðið af hálfu Samkeppniseftirlitsins að ráðast í þá athugun sem mál þetta fjallar um, þ.e. athugun á stjórnunar- og eignatengslum í íslenskum sjávarútvegi.
13. Í málinu liggur fyrir að Brim hf. hefur ekki með fullnægjandi hætti svarað upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 5. apríl 2023. Þannig ákvað félagið að veita einvörðungu upplýsingar sem áður höfðu verið gerðar opinberar og veitti m.a. ekki upplýsingar undir stafliðum f og g í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Nánar tiltekið hefur Brim ekki veitt eftirfarandi upplýsingar:
 - a) *Upplýsingar um allt samstarf, viðskipti/viðskiptasambönd og/eða verktöku á milli félagsins og annarra sjávarútvegsfyrirtækja. Óskað var eftir lýsingu á samstarfinu og/eða verktöku sem og upplýsingum um þau viðskipti/ffjárhæðir sem viðkomandi samstarf hefur gengið út á frá 1. janúar 2020 til dagsins í dag.*
 - b) *Liggja skriflegir samningar fyrir um þau viðskipti sem spurt var um í lið e) og f), þ.e. viðskipti með afla hlutdeild og aflamark annars vegar og samstarf, viðskipti og/eða verktöku á milli félagsins og annarra sjávarútvegsfyrirtækja hins vegar, var óskað eftir afriti af þeim. Lægju slíkir samningar ekki fyrir var óskað eftir lýsingu á viðskiptasambandinu.*
14. Fyrir liggur að Brim hefur haft verulega rúman frest til þess að veita framangreindar upplýsingar. Upplýsingabeiðnin var fyrst send til Brim þann 5. apríl 2023. Brim var upphaflega veittur frestur til 24. apríl 2023 til þess að veita umbeðnar upplýsingar. Sá frestur var síðan framlengdur að beiðni Brim til 10. maí 2023. Í kjölfar bréfs Brim hf. þann 12. maí 2023 framlengdi Samkeppniseftirlitið, með bréfi dags. 27. júní 2023, frestinn til 5. júlí 2023. Sá frestur var síðan enn framlengdur til 13. júlí 2023. Samantekið hefur Brim því haft frest frá 5. apríl 2023 til 13. júlí 2023 til þess að veita upplýsingarnar, eða rúma 3 mánuði.
15. Á grundvelli 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Um er að ræða ríka heimild til að afla upplýsinga en upplýsingabeiðni á grundvelli ákvæðisins felur í sér skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé tekið skýrt fram, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004, *Ker hf. ofl. gegn Samkeppnisráði*. Þá er ljóst að Samkeppniseftirlitið hefur ríka hagsmuni af því að geta aflað upplýsinga um einstök mál, hegðun einstakra fyrirtækja á markaði sem og almenna stöðu og þróun markaða til þess að geta sinnt hlutverki sínu á grundvelli samkeppnislaga, þ.m.t. það hlutverk sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Ákvæði 19. gr. taka til slíkra athugana.²

² Sjá t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2011, *Seðlabanki Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*.



16. Brot á upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga varðar m.a. dagsektum, sbr. ákvæði 38. gr. samkeppnislaga.
17. Með ítrekun Samkeppniseftirlitsins dags. 27. júní 2023 upplýsti eftirlitið að ef umrædd gögn myndu ekki berast fyrir 5. júlí 2023 muni eftirlitið taka ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um hvort leggja beri á fyrirtækið dagsektir skv. 38. gr. samkeppnislaga. Hið sama var ítrekað í bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 11. júlí 2023 þar sem Brim var veittur lokafrestur til 13. júlí 2023 til að verða við upplýsingabeiðninni með fullnægjandi hætti.
18. Samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið, ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Álagning dagsekta er þvingunaraðgerð til þess að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Í 39. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að ákvörðun um dagsektir megi skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því hún er kynnt þeim er hún beinist að. Í 2. mál ákvæðisins segir að dagsektir reiknist ekki fyrir en sá frestur er líðinn.
19. Með 19. gr. samkeppnislaga hefur löggjafinn veitt Samkeppniseftirlitinu ríkar heimildir til öflunar gagna, enda reynir mjög á upplýsingagjöf við framkvæmd samkeppnislaga. Ljóst er að brot gegn upplýsingaskyldu skv. 19. gr. samkeppnislaga heimilar Samkeppniseftirlitinu að leggja á dagsektir á brotlegan aðila, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 14. maí 2009 í máli nr. 479/2008, *Samkeppniseftirlitið gegn IceCapital ehf.*
Um einstakar athugasemdir Brims hf.
20. Brim hf. hefur borið því við að athugun Samkeppniseftirlitsins á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi kunni að vera ólögmat og að af þeim sökum einnig sú upplýsingabeiðni sem Samkeppniseftirlitið sendi félaginu þann 5. apríl 2023. Brim hf. vísar til þess að draga mætti í efa að athugun Samkeppniseftirlitsins væri í samræmi við þær reglur er gilda um hlutverk ráðherra og yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir hans eða þeim reglum er bæði ráðherra og Samkeppniseftirlitinu beri að virða, um sjálfstæði og hlutlægni við rannsóknir á aðilum er sæta eftirliti þess á grundvelli samkeppnislaga. Vísaði Brim m.a. til þess að samkeppnismál og starfsemi Samkeppniseftirlitsins falli ekki undir málefnasvið matvælaráðuneytisins. Þá vísaði Brim til þess að matvælaráðherra hafi ekki heimild til að hlutast til um mál Samkeppniseftirlitsins með því að gera samning við eftirlitið sem tryggir stofnuninni fjárhagslegt svigrúm til að ráðast í athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi.
21. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta. Eins og áður greinir er fjallað um hlutverk Samkeppniseftirlitsins í 8. gr. samkeppnislaga, en þar segir að það sé m.a. hlutverk eftirlitsins að kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja og gera um það skýrslu. Af því leiðir að sú athugun sem mál þetta varðar rúmast innan lögbundins hlutverks og skyldna Samkeppniseftirlitsins. Þá er ljóst, eins og áður greinir, að Samkeppniseftirlitið getur á grundvelli 2. mgr. 19. gr. samkeppnislaga krafist þess að fá gögn til athugunar.
22. Samningur sá sem Samkeppniseftirlitið og matvælaráðuneytið gerðu sín á milli raskar með engum hætti lögmæti athugunarinnar. Annars vegar gerir samningurinn Samkeppniseftirlitinu kleift að ráðast í athugun sem samræmist lögbundnum skyldum eftirlitsins og það hafði í hyggju að ráðast í, sbr. m.a. áherslur eftirlitsins fyrir árin 2022-2024 og 2023-2025, auk þess sem að fyrri úrlausnir eftirlitsins um samruna sjávarútvegsfyrirtækja bera með sér að eftirlitið hefur talið nauðsynlegt að greina betur stjórnunar- og eignatengsl á þessu sviði.
23. Hins vegar kveður samningurinn á um að markmið matvælaráðherra með samningnum sé að stuðla að gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja, upplýstri stefnumótun og að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði og að eftirlitsstofnanir geti sinn hlutverki sínu og átt með sér samstarf. Samkvæmt 8.



gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, fer matvælaráðuneytið með mál er varða sjávarútveg.

24. Í samningnum er kveðið skýrt á um að samningurinn raski ekki sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins í úrlausnum sínum. Þá felur verkefnið hvorki í sér ákvörðun um íhlutanir á grunni samkeppnislaga eða ákvörðunum um frekari athuganir, heldur miðar verkefnið einvörðungu að því að gera eftirlitinu kleift að birta skýrslu í samræmi við d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.
25. Brim hf. hefur við meðferð málsins vísað til þess að félagið muni ekki taka afstöðu til upplýsingabeiðnar Samkeppniseftirlitsins fyrr en afstaða stjórnar Samkeppniseftirlitsins liggja fyrir, en Brim óskaði eftir afstöðu stjórnar með bréfi dags. 13. júlí 2023. Þá hefur félagið gert athugasemdir við tiltekin hugtök í upplýsingabeiðninni og óskað eftir að afhentur verði samningur ráðuneytisins og Samkeppniseftirlitsins með vísan til upplýsingalaga. Óskaði Brim eftir að eftirlitið myndi fresta frekari meðferð málsins á meðan framangreind atriði væru til skoðunar.
26. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur málatilbúnaður Brims ekki í sér málefnalegar réttlætningarástæður til að sinna ekki afdráttarlausri skyldu fyrirtækisins til að veita upplýsingar á grunni 19. gr. samkeppnislaga. Allt að einu er rétt að taka fram að Samkeppniseftirlitið hefur þegar veitt aðgang að umræddum samningi við matvælaráðuneytið og birt hann á heimasíðu sinni. Einnig hefur erindi fyrirtækisins til stjórnar Samkeppniseftirlitsins verið svarað.
27. Eins og áður greinir getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á að beiðni málsaðila um afhendingu gagna, ótengd fyrirliggjandi upplýsingabeiðni eftirlitsins, og bréf málsaðila til stjórnar Samkeppniseftirlitsins fresti ákvörðunum eða réttaráhrifum ákvarðana Samkeppniseftirlitsins. Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga hvílir ótvíræð lagaskylda á Brim hf. um afhendingu upplýsinga. Þeirri skyldu verður ekki hróflað með beiðni um afstöðu stjórnar Samkeppniseftirlitsins eða afhendingu gagna sem ekki séu nauðsynleg til þess að fullnægja upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins. Beiðni um upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga er sjálfstætt úrlausnarefni sem leyst er úr í sérstöku máli. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga er hlutverk stjórnar að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Þá skal stjórnin setja sér starfsreglur sem skuli birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. reglur nr. 380/2023. Samkvæmt 2.1. gr. reglnanna er stjórn hluti af innra skipulagi stofnunarinnar og kemur ekki fram sem sjálfstæður aðili. Er enda ljóst að ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins er ekki skotið til stjórnar Samkeppniseftirlitsins, heldur sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga, eða eftir atvikum dómstóla. Þá er að mati Samkeppniseftirlitsins afar mikilvægt að málsaðili geti ekki tafið einstök mál sem eru til meðferðar, með því einu að óska eftir afstöðu stjórnar Samkeppniseftirlitsins.
28. Eins og áður segir hefur Brim hf. einnig gert athugasemdir við framsetningu upplýsingabeiðnar Samkeppniseftirlitsins. Vísaði Brim til þess að hugtökin „sjávarútvegsfyrirtæki“ og „samstarf“ væru hvergi skilgreind í beiðninni.
29. Með bréfi dags. 11. júlí 2023 veitti Samkeppniseftirlitið frekari skýringar á framangreindum hugtökum. Í sama bréfi var hins vegar áréttað að Samkeppniseftirlitið hafnaði því að beiðnin væri með einhverjum hætti óskýr eða leiddi til þess að ekki væri hægt að svara henni með fullnægjandi hætti. Sendi enda Samkeppniseftirlitið efnislega sömu beiðni til fjölmargra félaga sem þegar hafa veitt upplýsingarnar. Þá er rétt að áréttaða þess að Brim hf. hefur ekki veitt upplýsingarnar er ekki sú að upplýsingabeiðnin sé með einhverjum hætti óskýr. Í bréfi Brim hf. dags. 12. maí 2023 kemur fram að félagið ætli sér ekki að veita umbeðnar upplýsingar vegna þess að félagið telji upplýsingabeiðnina ólöglegu. Það sé síðan „án tillits“ til þess sem gerðar eru athugasemdir við tiltekin hugtök. Þá kemur einnig fram í bréfi Brim hf. dags. 13. júlí 2023 að félagið muni ekki



veita upplýsingarnar fyrir en afstaða stjórnar Samkeppniseftirlitsins liggi fyrir. Ástæða þess að umbeðnar upplýsingar hafa ekki borist frá Brim er því ekki vegna ætlaðs óskýrleika upplýsingabeiðnarinnar.

30. Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað vakið athygli á lögboðinni skyldu Brim til að verða við beiðni um upplýsingar á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga, vegna athugunar eftirlitsins á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Samkeppnisyfirlitir hafa ríka hagsmuni af því að geta aflað upplýsinga um einstök mál, hegðun einstakra fyrirtækja á markaði sem og almenna stöðu og þróun markaða. Brim hf. hefur ekki orðið við þeirri beiðni. Slík vanræksla á lagaskyldu hefur veruleg áhrif á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins og er til þess fallin að tefja og skaða yfirstandandi athugun.
31. Í ljósi alls framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að Brim hf. hafi vanrækt ótvíræða lagaskyldu um afhendingu upplýsinga og brotið þar með gegn 19. gr. samkeppnislaga, eins og að framan er rakið. Telur Samkeppniseftirlitið því óhjákvæmilegt að beita ákvæði 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta til þess að knýja Brim hf. til að fara að lögum og afhenda umræddar upplýsingar.
32. Að því er varðar fjárhæð dagsekta lítur Samkeppniseftirlitið annars vegar til þess að upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins á sér skýran lagalegan grunn og jafnframt brýnt að brugðist sé hratt við henni. Hins vegar er til þess að líta að Brim hf. er félag með verulegan fjárhagslegan styrk en rekstrartekjur félagsins fyrir árið 2022 námu um 450 milljónum evra. Af því leiðir telur Samkeppniseftirlitið hæfilegt að ákvarða dagsektir er nemur 3.500.000 kr. á dag.

III. Ákvörðunarorð:

„Brim hf. hefur brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með heimild í 38. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið dagsektir á Brim hf. Skal Brim hf. greiða 3.500.000 kr. á dag þar til upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 5. apríl 2023 hefur verið svarað með fullnægjandi hætti.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson